



BÍLGREINASAMBANDIÐ

138 löggjafarþing 2009-2010
Þskj. 477 – 333. mál.

Alþingi
Erindi nr. *Þ 138/1404*
komudagur *26.3.2010*


Reykjavík 25. mars 2010

Efnahags og skattanefnd.
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Meðfylgjandi er umsögn BÍlgreinasambandsins á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004 með síðari breytingum.

Stjórn BÍlgreinasambandsins leggst gegn öllum sértækum aðgerðum með undanþágum sem geta leitt af sér aukna vinnu við eftirlit og úrvinnslu til lengri tíma lítið. Stjórn leggur til að sú vinna sem fór af stað árið 2008 í fjármálaráðuneytinu um heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis verði höfð til hliðsjónar og unnið útfrá henni í allri vinnu er snýr að skattlagningu eldsneytis og ökutækja með það markmið að allt lagaumhverfið sé sem einfaldast og skilvirkast.

2

BÍlgreinasambandið


Özur Lárússon
framkvæmdastjóri
BÍlgreinahúsinu Gylfaflöt 19
112 Reykjavík.

BÍlgreinahúsið
Gylfaflöt 19
112 Reykjavík

Sími: 568 1550
Fax: 568 9882

Netfang: bgs@bgs.is
www.bgs.is



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/1S23
komudagur 7. 4. 2010

Dagsetning
06.04.2010

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum, mál 333.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið myndi leiða til lækkunar flutningskostnaðar og myndi það væntanlega verða landsbyggðinni til hagsbóta. Byggðastofnun hefur á undanförunum árum unnið að tillögum um endurgreiðslu flutningskostnaðar á landbyggðinni og telur að hér sé um að ræða eina leið til að hann geti lækkað. Stofnunin telur lagabreytinguna geti bætt stöðu landsbyggðarinnar og gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1669
komudagur 12.4.2010

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. apríl 2010
EBI/--


Efni. Umsögn um frumvarp til laga um olfugjald og kílómetragjald, 333. mál á 138. löggjafarþingi
Tilv. 2010030008

Bændasamtök Íslands mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal

Alþingi
Erindi nr. P 138/1279
komudagur 17. 3. 2010



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 15. mars 2010
Tilvísun FLE 14-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

**Málefni: Frumvarp til laga um br. á lögum um oliugjald og
kílómetragjald, 333 mál.**

Með tölvupósti dags. 10. mars s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir
umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar
FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. P 138/1520
komudagur 7.4.2010

Selfossi 31. mars 2010

Efnahags- og skattanefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Hér á eftir er umsögn um þingmál frá Guðmundi Tyrfingssyni ehf. að beiðni Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna:

Frumvarps til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004, með síðari breytingum á 138. löggjafarþingi 2009-2010, 333. mál.


Það er skoðun okkar hjá Guðmundi Tyrfingssyni ehf. að jafnræðis sé ekki gætt með því að lögleiða endurgreiðslu 50% olúgjalds af olíu sem flutningsaðilar sem uppfylla skilyrði skv. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga kaupa til flutnings.

Í dag njóta Almenningsamgöngur 85% endurgreiðslu af olúgjaldi skv. lögum nr. 87/2004 sem er í líkingu við það sem þetta frumvarp fjallar um. Óneitanlega skekkja þessar ívilnanir umtalsvert stöðu fólksflutninga.

Ólíkt farmflutningum eru fólksflutningar undanþegnir virðisaukaskatti sem þýðir að fyrirtæki sem starfa í þessari grein geta ekki nýtt sér innskatt af keyptum aðföngum líkt og fyrirtæki sem stunda farmflutninga og því safnast upp mikill virðisaukaskattur.

Við hjá Guðmundi Tyrfingssyni ehf. sjáum fyrir okkur að sú endurgreiðsla sem fjallað er um í frumvarpi þessu nái einnig til þeirra sem stunda fólksflutninga í atvinnuskyni líkt og fjallað er um í e-, f- og g-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Virðingarfyllst f.h. Guðmundar Tyrfingssonar ehf.


Sigríður Benediktsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/1519
komudagur 7.4.2010

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. mars 2010

UMSÖGN Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

138. löggjafarþing 2009-2010.

Þskj. 477 – 333. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetra-
gjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis sendi málið til umsagnar Hagsmunasamtaka heimilanna
(HH), með tölvupósti skjalavarðar nefndasviðs Alþingis, 11. mars 2010.

Lagabreytingin sem lögð er til miðar að lækkun kostnaðar farmflytjenda. Slík breyting á að
leiða til lægri kostnaðar og þar með lægra verðs fyrir vörur og verkþjónustu, sem kemur
meðal annars heimilum landsins til góða með einum eða öðrum hætti, ekki síst á
landsbyggðinni.

Í greinargerðinni með frumvarpinu er komið inn á fyrri tilraunir til að gera sambærilega
lagabreytingu og að þá hafi komið fram gagnrýni um flækjustig í framkvæmd og tekjutap
Vegagerðarinnar, svo og óvissu um fjármögnun breytingarinnar sem Vegagerðin ætti þó að fá
bætt með framlögum úr ríkissjóði.

Ekki er tekin afstaða til þessara framkvæmda- og fjármögnunarþátta, enda hafa HH ekki
nægilegar forsendur til þess en **HH styðja þetta framlagða frumvarp.**

Tekið er undir jákvæð sjónarmið til jöfnunar á kostnaði vegna mikilla flutninga fyrir dreifðar
byggðir landsins, hvort sem sá flutningur fer um land eða sjó. Þó er bent á að slíkar
jöfnunaraðgerðir skila sér oft illa til neytenda og er bent á að tryggja þurfi að slík aðgerð skili
sér með tilætluðum hætti til neytenda, en verði ekki ríkisniðurgreiðsla aukins hagnaðar
einkaaðila á fákeppnismarkaði. Slíkt leiddi til tvöfaldrar byrgðar fyrir neytendur, bæði sem
hærrí skattar og of hátt verðlag.

Einnig er það álitamál hvort aukin áhersla á strandsiglingar og styrkari vörudreifingarkjarna í
lykilþéttbýlisstöðum landsins skili auknu hagræði fyrir neytendur og ríki með minni kostnaði
vegna slits vegakerfis, misnotkunar á niðurgreiðslu og eftirliti vegna fyrirgreiðslunnar.

Grundavallaratriði er þó að rjúfa tengsl verðlagspróunar við þegar teknar fjárskuldbindingar,
þe. vísitölubundnar verðtryggingar, til að forða því að svona aðgerð skili sér í þriðja lagi til
hækkunar á greiðslubyrði lána, takist ekki að tryggja að verðlag skv. ofangreindum aðgerðum
skili sér til neytenda til lækkunar kostnaðar.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður
Arinbjörn Sigurgeirsson, lagasvið



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1522
komudagur 7.4.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	31. mars 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tvö þingmál. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald, 333. mál og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (ársfundir, stjórnir og fjárfestingarstefna sjóða), 228. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur í ljósi lögbundins hlutverks síns ekki eðlilegt að tjá sig um ofangreind lagafrumvörp.

Summi Ávaron

Árnir Gunnarsson

Alþingi

Erindi nr. P 138/1280

komudagur 17. 3. 2010

Alþingi, efnahags- og skattanevnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. mars 2010 02-2010030194
G-ums 01/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum - 333. mál, þskj. 477.

Ríkisskattstjóri hefur þann 11. mars 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

Umrætt lagafrumvarp gerir ráð fyrir því að endurgreiða skuli 50% olúgjalds af olíu sem flutningsaðilar skv. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, kaupa til flutnings. Samhljóða frumvörp voru lögð fram á 135. og 136. löggjafarþingum en náðu ekki fram að ganga.

Þann 3. desember 2007 lét ríkisskattstjóri í té svohljóðandi umsögn um samhljóða frumvarp:

„I-liður framangreindra laga nr. 73/2001, skilgreinir hvað falli undir farmflutninga í atvinnuskyni með eftirgreindum hætti: Flutningur á hvers kyns farmi gegn endurgjaldi þegar flutningsþjónusta er seld sérstaklega og flytjandi starfar við flutningsþjónustu. Sem dæmi má nefna farmflutningafyrirtæki og vörubifreiðastjóra sem starfa sem verktakar við flutning á farmi.

Í j-lið framangreindra laga nr. 73/2001, er fjallað um farmflutninga í eigin þágu og þeir skilgreindir svo: Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka við byggingar.


Í dag er að finna í lögnum endurgreiðsluheimild til handa þeim er hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Um er að ræða fáa aðila í sérhæfðum akstri, sem ríkisskattstjóri hefur reglubundið eftirlit með. Ekki verður séð að framkvæmdin verði jafn einföld og skilvirk ef endurgreiðsluheimild yrði jafn viðtæk og frumvarpið gerir ráð fyrir, en hér er m.a. gert ráð fyrir flutningi verktaka við byggingar sbr. j-lið 3. gr. laga 72/2001. Undir það geta fallið mjög margar bifreiðar mjög margra aðila. Viðkomandi aðilar þyrftu þannig að halda utan um það hve mikil olía er notuð vegna fyrrgreinds aksturs til að sýna fram á rétt til endurgreiðslu vegna olíunotkunar er félli þar undir. Verður ekki annað


séð en að eftirlit með slíku yrði mjög flókið og tímafrekt og má ætla að verði umrætt lagafrumvarp að veruleika þurfi embætti ríkisskattstjóra að fjölga um a.m.k. tvo starfsmenn til að sinna slíku eftirliti.

Sé grunnhugmyndin með frumvarpinu að lækka flutningskostnað þyngri bifreiða (10 tonn og yfir) væri mun einfaldara að undanþiggja slíkar bifreiðar kílómetragjaldi.“

Ríkisskattstjóri áréttar framangreint og telur ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir en þær sem þegar hafa komið fram um efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Skúli Egger Pórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 138/1306
komudagur 19.3.2010

18. mars 2010
SI-61859


Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@nefnasvid.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með tölvupósti dags. 11. mars 2010 óskaði efnahags- og skattanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um 50% endurgreiðslu olúgjalds vegna olíu til vöruflutninga. 333. mál á 138. löggjafarþingi. Samkvæmt frumvarpinu yrðu endurgreidd 50% olúgjalds af olíu sem keypt er vegna farmflutninga í atvinnuskyni eða í eigin þágu skv. lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, l. 73/2001.

Frumvarpið lýtur að álögum sem eru hlutfallslega miklar í afskekktum landshlutum, þar sem flutningskostnaður er stór hluti vöruverðs. Það er ekki á verksviði Seðlabankans að hlutast til um hvernig skattaálögum er dreift milli gjaldstofna eða gjaldenda. Hins vegar telur Seðlabankinn mikilvægt að jafnvægi náist í opinberum fjármálum eins fljótt og hægt er. Seðlabankinn leggur því áherslu á að eftirgjöf ríkistekna af ástæðum sem þessum þurfi að mæta með auknu aðhaldi annars staðar í ríkisbúskapnum. Bankinn tekur ekki afstöðu til málsins að öðru leyti.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1267
komudagur 16.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2010
Tilvísun: 2010030040/90.12
HrH/BH
Tilv. ykkar: Tölvupóstur 11.03.2010

Efni: Þskj. 477 - 333. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

Með tölvupósti dags. 11.03.2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint erindi.

Frumvarpið fjallar um að endurgreiða 50% af olúgjaldi til allra þeirra sem stunda flutningastarfsemi í atvinnuskyni hvort sem hún er í eigin þágu eða seld öðrum.

Olúgjaldið er markaður tekjustofn til vegagerðar.

Ljóst er að hér er átt við mjög stóran hluta greiðenda olúgjaldsins og þar að auki stærstu greiðendurna. Ekki er í frumvarpinu lagt mat á hvað þessar breytingar muni kosta ríkissjóð, en gert er ráð fyrir að vegasjóði verði bættur þessi tekjumissir með framlögum úr ríkissjóði.

Olúgjaldið á að skila 6,2 milljörðum króna á árinu 2010 og gróft má reikna að hér sé um 1 - 2 milljarða að ræða. Í frumvarpinu er bent á að til að bæta ríkissjóði þetta tekjutap þurfi að skera niður útgjöld á móti eða hækka skatta.

Allar undanþágur eða endurgreiðslur í skattkerfum eru óæskilegar. Þær eru yfirleitt erfiðar og dýrar í framkvæmd. Hér er líklega um hátt á annan tug þúsunda ökutækja að ræða þannig að umfangið er mikið.

Í fjöldamörg ár hafa markaðar tekjur til vegagerðar staðið undir stærstum hluta framkvæmda í vegamálum hér á landi og litið hefur verið á, að eðlilegt sé að notendur veganna greiði fyrir uppbyggingu og viðhald þeirra. Stórir og þungir flutningabílar slíta vegunum langmest allra og Vegagerðin telur ekki eðlilegt að þeir séu á sérkjörum hvað gjaldtöku viðkemur.

Ef styrkja þarf flutningaþjónustu á Íslandi er eðlilegra að gera það með öðrum hætti.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/IS21
komudagur 7.4.2010



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004 (333. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að flutningsaðilar sem stunda farmflutninga fái endurgreitt 50% af olúgjaldi.

Viðskiptaráð gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við frumvarp þetta en áréttar þó mikilvægi þess að ef bæta á tekjutap Vegagerðarinnar, vegna ákvæða frumvarpsins, verði það gert með skerðingu annarra útgjalda hins opinbera en ekki með hækkun skatta.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs